



Verulega dregur úr fjölgun gistinátta á hótélum


Verulega hefur dregið úr fjölgun gistinátta á heilsárshótélum hér á landi á síðustu tveimur mánuðum. Fjöldi gistinátta erlendra ferðamanna í júní nam 369 þúsund og jókst um 8,1% frá sama mánuði í fyrra samkvæmt tölum Hagstofunnar. Aukningin í maí nam 6,1% á 12 mánaða grundvelli. Til samanburðar nam aukningin á bilinu 17-49% á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Þessi fjölgun í maí og júní sker sig verulega frá þeirri fjölgun sem verið hefur síðustu misseri og ár en leita þarf allt aftur til júlímánaðar 2014 til að finna minni fjölgun.

Fjöldi gistinátta á ferðamann dregst saman


Þessi fjölgun á gistinóttum er minni en sem nemur fjölgun ferðamanna á sama tímabili. Þannig var fjöldi erlendra ferðamanna í júní tæpum 19% fleiri en á sama tíma í fyrra og 17,5% fleiri en í maí. Vegna meiri fjölgunar erlendra ferðamanna að undanförunu en sem nemur fjölgun gistinátta hefur gistináttafjöldinn dregist saman. Fjöldi gistinátta á ferðamann nam 1,7 í júní síðastliðnum og dróst saman um rúmlega 9% frá sama tímabili í fyrra. Júnímánuður var 14. mánuðurinn í röð þar sem fjöldi gistinátta á hótélum á hvern erlendan ferðamann dróst saman frá sama tímabili árið áður.

Áhrifa heimagistingar gætir í tölunum

Dvalarlengd á ferðamann á fyrri árshelmingi var 1,8 nótt að meðaltali og hefur hún dregist saman á hverju ári síðan árið 2012. Þessa þróun má líklegast skýra að mestu leyti með tvennu. Annars vegar hefur verið á hótulgistingu farið verulega hækkandi á síðustu árum í erlendri mynt og ferðamenn af þeim sökum leitað í ódýrari gistingu. Hins vegar hefur hegðun ferðamanna breyst á síðustu árum og þá ekki bara hér á landi. Ferðamenn kjósa í auknum mæli heimagistingu s.s. AirBnB og það hefur leitt til minnkandi hlutdeildar hótela og gistiheimila á gistimarkaðnum.



Fjölgun frá sama mánuði árið áður. Um er að ræða gistinætur á heilsárshótélum
Heimild: Hagstofa Íslands



Dvalarlengd er fengin með hlutfallinu á milli fjölda gistinátta á heilsárshótélum og fjölda erlendra ferðamanna
Heimild: Hagstofa Íslands




Verð á hótलगistingu hefur hækkað mikið í erlendri mynt

Þrátt fyrir að dregið hafi úr verðhækkunum á þjónustu hótela og gistiheimila mælt í erlendri mynt á undanförunum mánuðum hafa þær samt sem áður verið miklar. Þessar miklu hækkningar eiga sinn þátt í styttri dvalarlengd erlendra ferðamanna. Í júlí var verð á þjónustu hótela og gistiheimila 17% hærra en í sama mánuði í fyrra mælt í erlendri mynt. Til samanburðar nam hækkunin rúmlega 19% í maí og júní sem er þó mun minni hækkun en á fyrstu fjórum mánuðum ársins en þá var hún á bilinu 37-47%. Meðalverðið á fyrri hluta ársins var tæpum þriðjungi hærra en á sama tímabili í fyrra. Þrátt fyrir að þá hækkun megi að bróðurparti rekja til styrkingar á gengi krónunnar hafa verðhækkningar hótela og gistiheimila í krónum einnig verið töluvert miklar og langt umfram þróun verðlags hér á landi. Þannig var meðalverð á þjónustu hótela og gistiheimila tæpum 11% hærra en á sama tímabili í fyrra mælt í krónum. Verðið var 24% hærra en á sama tímabili 2015. Verðbreytingin milli fyrstu 6 mánaða ársins 2016 og sama tímabils 2015 nam 12,2%. Þessar verðhækkningar í innlendri mynt eru töluvert meiri en var á árabílinu 2013-2015 þegar þær lágu á bilinu 1,5-4,8%.

Verulega stóran hluta af miklum verðhækkunum í erlendri mynt má rekja beint til hótela og gistiheimila

Sé horft á verðhækkunina í erlendri mynt milli sex fyrstu mánaða þessa árs og sömu mánaða 2015 sést að hún nam 62%. Ef horft er framhjá verðhækkunum í krónum sést að áhrif gengisstyrkingarinnar eru 30%. Þrátt fyrir að gengisstyrkingin hafi dregið verulega úr samkeppnishæfni hótela og gistiheimila hér á landi er þó engan veginn hægt að skella skuldinni alfarið á krónuna enda skýrir hún ekki nema ríflega helming af verðhækkunum á gistingu í erlendri mynt. Önnur áhrif verða einfaldlega rakin beint til hækkunar á gjaldskrá hótela og gistiheimila í innlendri mynt sem hefur verið langt umfram verðlagsþróun hér á landi á síðustu árum.


Verðbreytingar á þjónustu hótela og gistiheimila í erlendri mynt



Verðhækkningar á 12 mánaða grundvelli. Staðvært með gengisvísitölu krónunnar.

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands


Verð á þjónustu hótela og gistiheimila í erlendri mynt



Meðaltal fyrri ársheilmings á hverju ári

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

Verðhækkningar á þjónustu hótela og gistiheimila í erlendri mynt og krónum og gengishreyfingar



Fyrri ársheilmingur hvers árs og breyting frá sama tímabili árið áður

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.